

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/191*  
*komudagur 12.11.2013*

14.11.2013

Atvinnuveganefnd.

Hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum, 14. mál.

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga vísa til fyrri umsagnar sinnar um málið.  
Læt umsögnina fylgja með í viðhengi.

Kv. Valur Rafn Halldórsson  
starfsmaður Sambands sjávarútvegssveitarfélaga

---

# SAMTÖK SJÁVARÚTVEGSSVEITARFÉLAGA

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2013

1310012SA VRH  
Málalykill: 565

## **Efni: Umsögn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga um tillögu til þingsályktunar um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum; þingskjal 106, 44. mál**

Það hefur verið eitt helsta baráttumál Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga að þau samfélög þar sem nýting náttúruauðlinda hefur mikil áhrif á atvinnulíf og samfélag fái aukinn skilning á áhrifum þess þegar löggjafinn breytir leikreglum varðandi nýtingu auðlindanna og hjá þeim fyrirtækjum sem eru starfandi í greininni. Það á m.a. við þegar gerðar eru sérstakar kröfur af hálfu löggjafans til sjávarútvegsfyrirtækja sem augljóslega munu kalla á að enn frekari hagræðingar verði leitað í rekstri þeirra, sem leiða til fækkunar starfsfólks eða minni þjónustukaupa.

Störfum í sjávarútvegi, við veiðar og vinnslu, hefur fækkað mjög undanfarna áratugi. Bæði er það vegna lagabreytinga sem hvetja til hagræðingar s.s. við upptöku kvótakerfis, og vegna nýrrar tækni og þekkingar. Í nýrri skýrslu Íslandsbanka um Íslenska sjávarútveginn kemur fram að 82% beinna starfa í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, eru á landsbyggðinni. Samkvæmt nýjum upplýsingum úr vinnumarkaðsrannsóknnum Hagstofu Íslands, sem Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri Bygðastofnunar kynnti á sjávarútvegsfundi Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2. október sl. hefur störfum í veiðum og vinnslu fækkað um 17% á árabílinu 2003 – 2012 á meðan heildarfjöldi starfandi jókst um 8%. Á landsbyggðinni varð fækkun í sjávarútvegi á þessu tímabili 19% en heildarfjöldi starfandi á landsbyggðinni jókst á sama tíma um 5%. Fyrir höfuðborgarsvæðið eru þessar tölur þannig að 6% fækkun hefur orðið í störfum í sjávarútvegi en 9% aukning starfandi fólks. Í stuttu máli þá hefur störfum í sjávarútvegi fækkað um 100 á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 2003 – 2010, en starfandi fjölgað um 10 þúsund, á meðan störfum í sjávarútvegi úti á landi hefur á sama tíma fækkað um 1.800 og starfandi fjölgað um 2.200. Íslenskur sjávarútvegur er mjög hagnaðardrífinn og þar á sér stað látlaus hagræðing, meðal annars með nýtingu nýrrar tækni sem leysir mannshöndina af hólmi. Sú fækkun sem orðið hefur á störfum í sjávarútvegi er mjög alvarleg fyrir íbúaþróun sjávarbyggðanna því fátt hefur komið í staðinn og sveitarfélögin vanbúin að takast á við þessa fækkun.

Í ljósi þessa er mikilvægt að mótvægisáðgerða sé leitað til að minnka áhrif lagabreytinga og hagræðingarkrafna í sjávarútvegi á búsetu í sjávarbyggðum. Það er ljóst að samfélagið allt hagnast á hagkvæmum sjávarútvegi, en það eru sjávarbyggðirnar sem greiða fyrir þá hagræðingu með fækkun starfa og í framhaldi fækkun íbúa, nema gripið sé til sérstakra áðgerða.


Hlutdeild sjávarútvegssveitarfélaganna í veiðigjaldinu væri rökrétt skref í því sambandi. Það gæfi þessum samfélögum möguleika á að byggja sig upp í

öðrum greinum s.s. ýmsum stoðgreinum eða úrvinnslugreinum sjávarútvegs og væri í anda sjálfbærrar þróunar.

Samtökin lýsa því fullum stuðningi við efni tillögunnar og hvetja til þess að hlutdeild sjávarútvegssveitarfélaganna í veiðigjaldi verði skoðuð um leið og lögín um veiðigjald eru endurskoðuð.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga



---

Valur Ráfn Halldórsson  
starfsmaður Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga